

# Kviðsjáraðgerð

## Dagaðgerð

Kviðarholsspeglun er aðgerð sem er notuð til greiningar og meðferðar á sjúkdómum í innri kynfærum kvenna. Má þar nefna legslímufلاك, utanlegspungun, blöðrur á eggjastokkum og bráða verki sem grunur er á að geti verið frá kvenlíffærum. Einnig er kviðarholsspeglun notuð til greiningar á orsökum ófrjósemi og til að gera ófrjósemisaðgerð. Aðgerðin er gerð í svæfingu á skurðstofu. Farið er inn í kviðarhol um þrjú til fjögur 0,5 – 1 cm stórar göt og aðgerðin framkvæmd með aðstoð myndavélar.


Helstu fylgikvillar (2-4%) eru sýkingar í húð og ríkuleg blæðing í aðgerðinni. Sjaldgæfari fylgikvillar eru skaði á þvagblöðru, þvagleiðara eða þörmum. Sjaldnast hafa þessir fylgikvillar langvarandi afleiðingar.

### Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmeðferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

### Undirbúningur fyrir aðgerð

Ef engir áhættuþættir vegna svæfingar eða aðgerðar eru þekktir hringir svæfingarhjúkrunarfræðingur nokkrum dögum fyrir aðgerð. Ef einhverjir áhættuþættir eru þekktir eða ef fram kemur í samtali við svæfingarhjúkrunarfræðing að frekari rannsókn er þörf er boðað til innskriftarviðtals fyrir aðgerðina.



## Símaviðtal

Í símaviðtalinu verður spurt um

- fyrri reynslu af svæfingum.
- ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum.
- hæð og þyngd.
- áfengisneyslu og reykingar.
- gervitennur og tannbrýr.
- heilsufar og sjúkdóma.
- lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúruylfja og fæðubótarefna, hafa skal lyfjalista við hendina.

Ef þú fékkst símaviðtal þarft þú að koma með þvagsýni með þér á aðgerðardag.

## Innskriftarviðtal

Ef áhættuþættir vegna svæfingar eða aðgerðar eru þekktir verður boðað í innskriftarviðtal við deildarlækni, svæfingarlækni og hjúkrunarfræðing á kvenlækningadeild 21A, Landspítala við Hringbraut. Gera þarf ráð fyrir að innskrift taki 2-3 klukkustundir. Velkomið er að hafa aðstandanda með í innskrift. Greiða þarf komugjald fyrir þjónustuna.

## Í innskrift:

- Er farið yfir lyfjalista og því þarf að taka með öll lyf sem tekin eru daglega eða lyfjakort.
- Spurt verður um heilsufar, gerð læknisskoðun og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina.
- Teknar eru blóðprufur og aðrar rannsóknir ef þarf.
- Skila þarf þvagprufu.

## Lyf og ofnæmi

Mikilvægt er að láta vita um ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru. Svæfingalæknir ákveður hvaða lyf eigi að taka að morgni aðgerðardags.

## Kvöldið fyrir aðgerð:

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.

- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi, tærir orkuríkir drykkir og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

### **Fyrir komu á deild þarf að vera búið að:**

- Fasta á mat frá kl. 02, má drekka tæran drykk til kl. 06.
- Fara í sturtu heima að morgni aðgerðardags.
- Hreinsa nafla með bómullarpinna.
- Fjarlægja skartgrip og naglalakk.
- Ekki nota húðkrem eða ilmefni.
- Klæðast hreinum fötum.

### **Aðgerðardagur**

Mæting er á kvenlækningadeild 21A á Landspítala við Hringbraut kl. 7:15. Hjúkrunarfræðingur eða sjúkraliði vitjar þeirra sem mæta til aðgerðar á biðstofu í anddyri. Mikilvægt er að hafa meðferðis öll lyf sem tekin eru daglega. Ekki má taka inn eigin lyf nema í samráði við lækni eða hjúkrunarfræðing. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Aðgerð tekur um 30 mínútur – 3 klukkustundir. Eftir aðgerð tekur við dvöl í vöknunarherbergi þar sem fylgst er náið með líðan þinni. Þaðan ferðu aftur á kvenlækningadeild 21A. Heimsóknir eru ekki leyfðar fyrr en þangað er komið.

Hægt er að fá afnot af spjaltdölvu á deild án endurgjalds. Sjúklingar, aðstandendur og gestir á Landspítala geta fengið ókeypis aðgang að þráðlausu netsambandi fyrir eigin fartölvur, spjaltdölvur eða snjallsíma.

### **Verkir**

Búast má við verkjum í kvið og óþægindum upp í axlir. Verkir í öxlum koma vegna lofts í kviðarholi sem ertir þindina. Einnig má búast við eymslum í nafla og í skurðsárum á kvið. Verkjalyf eru gefin í töfluformi á föstum tímum og eftir þörfum. Við mat á verkjum er notast við verkjakvarða þar sem 0 þýðir enginn verkur og 10 verstu hugsanlegu verkir. Láttu vita ef verkir aukast svo hægt sé að meðhöndla þá strax. Markmiðið er að vera vel verkjastíllt og geta hreyft sig með góðu móti.

**0**Engir  
verkir**1****2**Vægir  
verkir**3****4**Miðlungs  
verkir**5****6****7**Miklir  
verkir**8****9**Gríðarlegir  
verkir**10**

## Næring

Vökvi er gefinn í æð fyrst eftir aðgerð en strax við komu á deild má borða og drekka. Ef þú finnur fyrir ógleði eftir svæfinguna færðu lyf við því eftir þörfum.

## Þvaglát

Eftir svæfingu geta þvaglát verið treg og því þarf að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láttu starfsfólk vita ef ekki gengur að pissa.

## Skurðsár og blæðing

Fylgst er með skurðsárum og blæðingu frá þeim. Umbúðir eru hafðar yfir skurðsárum fyrsta sólarhringinn. Búast má við smá blæðingum frá leggöngum fyrst eftir aðgerð.

## Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins er ráðlegt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð.

## Útskrift

Útskrift er áætluð samdægurs. Læknir upplýsir þig um aðgerðina og útskrifar þig. Fyrir heimferð veitir hjúkrunarfræðingur þér og aðstandanda þínum útskriftarfræðslu.

Starfsfólk kvenlækningadeildar óskar þér góðs gengis!

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem símunum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnid að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI  
KVENLÆKNINGADEILD 21A  
JÚNÍ 2018  
LSH-1454

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR KVENLÆKNINGA,  
DEILDARSTJÓRI 21A

HÖNNUN:

SAMSKIPTADEILD